Innra mats skýrsla vor 2026

Oddeyrarskóli
Akureyrarbær

Efnisyfirlit

Inngangur **3**

Ytra mat **4**

Starfsáætlun um innra mat **4**

Niðurstöður innra mats skólaárið 2025-2026 **5**

Heildarniðurstaða innra mats skólaárið 2025-2026 6

Umbótaáætlun skólaársins 2025-2026 **7**

Stjórnun og fagleg forysta 7

Nám og kennsla - þættir úr umbótaáætlun vor 2025 sem ekki komust til að fullu leyti til framkvæmda. 10

Lokaorð **12**

Inngangur

Þessi skýrsla fjallar um ytra og innra mat á skólastarfi Oddeyrarskóla. Megináhersla gæðateymis í innra mati á skólaárinu 2025-2026 er mat á stjórnun og faglegri forystu og að meta þættir úr námi og kennslu sem sett voru í umbótaáætlun í kjölfar vorskýrslu Oddeyrarskóla 2025.

Skólinn fór síðast í ytra mat haustið 2015 en það mat var framkvæmt af Menntamálaráðuneyti. Umbótum var að fullu lokið í júní 2022 og við tekur kerfisbundið innra mat sem byggir á gæðakerfi skólans og reglubundnu mati á því. Skýrslu lýkur með umbótaáætlun. Á skólaárinu komu eftirltsaðilar frá fræðslu- og lýðheilsusviði í innlit í kennslustundir hjá nokkrum kennurum og veittu í kjölfarið endurgjöf og skiluðu skýrslu til stjórnenda.

- **Helstu matsþættir innra mats skólaárið 2025-2026.**
    - Innra mat (2020-2021)(2023-2024)
    - Nám og kennsla (2021-2022)(2024-2025)
    - Stjórnun og fagleg forysta (2022-2023)
    - Stjórnun og fagleg forysta 2025-2026 og Umbótaáætlun vor 2025

Umbótaáætlun vor 2025 vegna náms og kennslu	**Stjórnun og fagleg forysta 2025-2026**
● Inntak og námskrá ● Árangur ● Gæði kennslu ● Skipulag náms ● Námsvitund ● Ábyrgð og þátttaka	● Samvirkni í stefnumótun ● Faglegt samstarf og samræða ● Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu ● Umbætur og innleiðing breytinga ● Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir ● Starfsmannastjórnun og verkaskipting ● Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsfólks

Við lok skólaársins 2026 er búið að meta alla þætti úr stjórnun og faglegri forystu skv. gæðalistum menntastefnu Akureyrarbæjar. Í matinu er miðað við matsviðmið Akureyrarbæjar svo matið er yfirgripsmikið. Hér fyrir neðan má sjá hvernig gæðaráð, starfsfólk skólans, nemendur og aðrir hagsmunaaðilar lögðu mat á stöðuna út frá gæðaviðmiðum skólans.

Áætlun Oddeyrarskóla til fjögurra ára er að finna á heimasíðu skólans en þar verður þessi skýrsla einnig birt.

Gæðateymi Oddeyrarskóla 2025-2026
Anna Bergrós Arnarsdóttir, Fjóla Kristín Helgadóttir, Margrét Th. Aðalgeirsdóttir, Jónas Leifur Sigursteinsson, Harpa Kristín Þóroddsdóttir/Bojana Kristín Besik og og Kolbrún Sjöfn Magnúsdóttir.

Ytra mat

Menntamálastofnun gerði ytra mat á skólastarfi Oddeyrarskóla í október 2015. Ytra mat er mikilvægt tæki fyrir leik - og grunnskóla til að skólasamfélagið geti áttað sig á því hvar styrkleikar skólastarfsins liggja og hvert skal halda. Skýrsluna má sjá hér. Umbótum er nú lokið og innra mats skýrsla og umbætur í kjölfar innra mats hafa tekið við og unnið samkvæmt langtímaáætlun skólans um innra mat. Þá hafa starfsmenn fræðslu- og lýðheilsusviðs Akureyrarbæjar komið í innlit í kennslustundir.

Starfsáætlun um innra mat

Í gæðaráði Oddeyrarskóla sitja skólastjóri, tveir deildarstjórar og þrír fulltrúar kennara sem eru jafnframt teymisstjórar á stigi og hafa umsjón með innleiðingu leiðsagnarnáms. Gæðaráð hittist vikulega og fór yfir þau verkefni sem sett höfðu verið upp í starfsáætlun gæðaráðs fyrir árið 2025-2026. Starfsáætlun gæðaráðs fyrir skólaárið 2025-2026 má finna hér. Starfsáætlun var unnin að hausti 2025 og gekk ágætlega að fylgja henni eftir á skólaárinu. Það fór þó mjög mikill tími hjá Gæðaráði í að vinna að innleiðingu endurbættrar Aðalnámskrár grunnskóla á kostnað þess að kafa dýpra í innra matið. Sú vinna var mjög mikilvæg og tengist beint námi og kennslu ásamt stjórnun og faglegri forystu.

Meginmarkmið gæðaráðs þetta skólaár var að meta stjórnun og faglega forystu með tilliti til gæðaviðmiða Akureyrarbæjar. Þá var rýnt í umbótaáætlun frá vori 2025 og hvernig tekist hefur til við að bæta þá þætti sem þar koma fram að þarfnist úrbóta.

Niðurstöður innra mats skólaárið 2025-2026

Í þessum kafla er rætt um niðurstöður innra mats.

Innra mat. Viðmið Akureyrarbæjar, vor 2021 og vor 2024
Stjórnun og fagleg forysta, Viðmið Akureyrarbæjar, vor 2023
Nám og kennsla Viðmið Akureyrarbæjar, vor 2022 og vor 2025
Matslistar Akureyrarbæjar 6. útgáfa.

Umbótaáætlun vorið 2025 af heimasíðu
Viðmið skólans - sjá Matsáætlun Oddeyrarskóla

Í niðurstöðukafla er fjallað um helstu niðurstöður innra matsins út frá markmiðum skólans, það er að segja hvernig hefur gengið að ná þeim fram.

- Gögn: Niðurstöður mats - matslistar, rýnihópar, mat á kennslu, gátlistar, skólapúls, starfsmannakönnun Akureyrarbæjar.
    - Matið sjálft fer þannig fram að matsteymi og/eða önnur teymi fara yfir öll gögn, ræðir niðurstöður og ber saman viðmiðin.
        - **RAUTT -** Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.
        - **GULT** - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta
        - **LJÓSGRÆNT** - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi
        - **GRÆNT** - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Heildarniðurstaða innra mats skólaárið 2025-2026

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Faglegt samstarf og samræða	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Samvirkni í stefnumótun - stefnumótun og skipulag	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námsvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðingar breytinga				

Umbótaáætlun skólaársins 2025-2026

Á skólaárinu lagði gæðaráð mat á umbótaáætlun frá vori 2025, sem voru umbætur vegna mats á námi og kennslu. Þá var lagt fyrir heildarmat á námi og kennslu í öllum sex þáttunum sem fléttaðist inn í umbótaáætlun. Fyrir liggur að setja þarf í umbætur á næsta skólaári þætti úr öllum sex köflum náms og kennslu. Þá er umbótaþáttur úr stjórnun og faglegri forystu áfram í umbótaáætlun en það snýr að mati á frístundarstarfi. Fræðslu- og lýðheilsusvið Akureyrarbæjar er að undirbúa heildstætt mat fyrir þennan málaflokk. Það var einnig í umbótum að stjórnandi fundi með fulltrúum sem gegna hlutverki í foreldrafélagi og/eða bekkjarfulltrúum en sá fundur var ekki haldinn og stefnt er að því næsta haust. Hins vegar var útbúinn veglegur kynningarbæklingur sem snýst um samstarf við fulltrúa foreldra og mun sá bæklingur liggja til grundvallar á fundi næsta haust.

Stjórnun og fagleg forysta

Samvirkni í stefnumótun	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Faglegt samstarf og samræða	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
	Starfsmenn finna að litið er á starfsmannahópinn sem liðsheild þar sem hver og einn er mikilvægur.	Starfsþróunar samttöl í haust	Stjórnendur	sept 2026	okt 2026	Mat lagt á niðurstöður í starfsþróunarsamtölum og brugðist við eftir þörfum.	
Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur

	Skólinn stendur fyrir fræðslufundi á haustin fyrir fulltrúa foreldra og grenndarsamfélags sem gegna trúnaðarstörfum í stjórnum og ráðum skólans.	Foreldrum í stjórn foreldrafélags og fulltrúar í bekkjarráðum fá fræðslu um sitt hlutverk.	Stjórnendur.	Okt. 2026	Nóv. 2026	Kynningarbæklingur Oddeyrarskóla og foreldrafélags. Fundur er haldinn í október með bekkjarfulltrúum úr öllum árgöngum.	Einn fundur í október.
	Innra mat nær til frístundastarfs og gæðaviðmið MMR/Rvkborgar (eða sambærilegt) nýtt til innra og ytra mats.	Frístundastarf metið sem hluti skólastarfs.	Listar frá fræðslu- og lýðheilsusvið i. Stjórnendur.	Haust 2026	Febrúar 2027	Með matslistum fræðslu- og lýðheilsuráðs Akureyrarbæjar.	Niðurstöður matslista jákvæðar miðað við gæðaviðmið.
Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
	Starfsfólk þekkir vel þá verkferla og þær viðbragðsáætlanir sem skólinn hefur sett sér.	Kynna þá verkferla sem til eru og tryggja aðgengi allra að áætlunum	Stjórnendur	Ágúst 2026	Október 2026	Starfsþróunarsamtöl	Fram kemur í starfsþróunar-samtölum að starfsfólk veit hvar er að finna verkferla og viðbragðsáætlanir sem skólinn hefur sett sér.Re

Starfsmannastjórn-unm og verkaskipting	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
	Stjórnendur fylgjast reglulega með störfum starfsfólks og veita því endurgjöf á störf sín.	Regluleg innlit í kennslustundir með markvissri endurgjöf til kennara. Reglulegir fundir með öðru starfsfólki.	Stjórnendur	Haust 2026	Vor 2027	Stjórnendur hafa farið í regluleg innlit og fundað með öðru starfsfólki.	Stjórnendur hafa farið í regluleg innlit og fundað með öðru starfsfólki.
	Stjórnendur eru vakandi um samskipti og hafa frumkvæði að lausn ágreiningsmála.	Stíga inn með skýrum hætti ef merki eru um ágreining í samskiptum. Fá utanaðkomandi aðstoð ef þörf krefur.	Stjórnendur	Haust 2026	Vor 2027	Starfsmannakönnun Akureyrarbæjar og starfsþróunarsamtöl.	Meiri hluti starfsmanna upplifir skv. könnun að tekið sé á ágreiningsmálum.
	Nýtt starfsfólk fær stuðning og tengilið innan starfshópsins. Nýliðar í kennslu og starfsnámsnemar njóta leiðsagnar leiðsagnarkennara.	Áætlun um móttöku nýrra starfsmanna fylgt vel eftir. Nýtt starfsfólk fær tengilið innan skólans.	Stjórnendur	Ágúst 2026	Vor 2027	Nýliðasamtöl.	Nýtt starfsfólk fær stuðning og tengilið innan starfshópsins.

Nám og kennsla - þættir úr umbótaáætlun vor 2025 sem ekki komust til að fullu leyti til framkvæmda.							
Inntak og námskrá	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
	Grunnþættir stýra vali á viðfangsefnum en tryggt er að jafnframt sé tekið á viðfangsefnum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.	Tengja Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna betur við verkefni.	Stjórnendur og réttindaráð. Kennarar.	Sept. 2026	Apríl 2027	Unnið samkvæmt aðgerðaáætlun réttindaráðs.	Samkvæmt áætlun réttindaráðs.
	Grunnþættir stýra vali á viðfangsefnum en tryggt er að jafnframt sé tekið á viðfangsefnum Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.	Tengja Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna betur við verkefni.	Stjórnendur og réttindaráð. Kennarar.	Sept. 2026	Apríl 2027	Unnið samkvæmt aðgerðaáætlun réttindaráðs.	Samkvæmt áætlun réttindaráðs.
	Í áætlun um sérstakan stuðning við nemendur kemur fram hvernig tilhögun og framkvæmd stuðnings er háttað hverju sinni.	Ljúka við og birta áætlun um stoðþjónustu og stoðkennslu í skólanámskrá Oddeyrarskóla.	Skólastjóri og stoðteymi.	Vor 2026	Sept. 2027	Áætlun sett fram, kynnt hagsmunaðilum og birt í skólanámskrá.	Er til staðar.

Árangur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Gæði kennslu	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Skipulag náms	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Námsvitund	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
	Nemendur sýna námi sínu áhuga og eru virkir í kennslustundum.	Aukin vinna með námsvitund nemenda. Markvissari vinna með námsmarkmið í námslotum. Áframhaldandi áhersla á leiðsagnarnám.	Kennarar	Ágúst 2026	Apríl 2027	Innlit stjórnenda í kennslustundir og rýnihópar nemenda. Virkniathuganir.	Nemendur eru virkir og áhugasamir.
	Nemendum er kennt að setja sér í markmið í námi. Nemendur eru virkir þátttakendur í að setja sér markmið námi.	Kennsla í markmiðssetningu. Nemendur setja sér eitt til tvö námsleg markmið í samtölum kennara og nemenda.	Kennarar	Sept. 2026	Mars 2027	Rýnihópar nemenda og kennara.	Staðfest að nemendur hafi sett sér markmið á skólaárinu.

	Nemendur og foreldrar eru með í ráðum um skipulag náms og persónumiðuð námsmarkmið.	Ábyrgð og þátttaka foreldra aukin í skipulagi náms barna sem eru með þjónustuteymi.	Teymisstjórar í þjónustuteym um og umsjónarkenn arar	Ágúst 2026	Apríl 2027	Sjónarmið foreldra komi fram í einstaklingsáætlun.	Sjónarmið foreldra koma fram við skoðun áætlana.
Ábyrgð og þátttaka	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
	Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu.	Krakkaspjall, bekkjarfundir, SMT skólafærni, ART, SEL	Allir starfsmenn	Ágúst 2026	Apríl 2027	Rýnihópar nemenda og starfsmanna.	Þátttakendur í rýnihópum staðfesta að skólabragur sé jákvæður.
	Samvinna og stuðningur ríkir innan nemendahópsins.	Krakkaspjall, Bekkjarfundir, SMT skólafærni, ART, SEL	Starfsmenn og nemendur	Ágúst 2026	Apríl 2027	Skólapúls og rýnihópar nemenda.	Jákvæðar niðurstöður skv. Skólapúlsi og rýnihópum.

Lokaorð

Umbótaskýrsla verður leiðarljós í innra mati skólaársins 2026-2027 ásamt þættinum *innra mat*. Nú þegar búið er að meta stjórnun og faglega forystu er búið að fara tvær umferðir með alla matslista Akureyrarbæjar sem nú hafa verið endurskoðaðir í sjötta sinn. Verkefnin framundan eru að útbúa starfsáætlun gæðaráðs næsta skólaár, skerpa á matsviðmiðum og auka fjölbreytni í mati. Sérstaklega er horft til þess að vinna með rýnihópum hagsmunaaðila til viðbótar við það sem nú þegar hefur verið gert í innra matinu.

Vinna gæðaráðs í Oddeyrarskóla gekk vel. Í gæðaráði voru auk stjórnenda fulltrúar kennara af öllum stigum sem hafði góð áhrif og góða tengingu við kennarateymin. Stjórnendur áttu líka sæti í öllum teymum og sátu fundi ásamt teymisstjórum. Margt gott hefur áunnist en við setjum markmið enn hærra þar sem vinnubrögð kennara eru til fyrirmyndar og nemendur fái menntun við hæfi. Gæðaráð fundaði vikulega og var starfsáætlun gæðaráðs fyrir skólaárið leiðarstef þeirra funda. Á þriggja mánaða tímabili fóru þó allir fundir gæðaráðs í fundi með fulltrúum úr innleiðingarteymi nýrrar aðalnámskrár og af þeim sökum var erfiðara að fylgja umbótaáætlun eftir og ber hún þess merki að margir þættir eru áfram í umbótaáætlun.

Verklag við innra mat hefur tekið nokkrum breytingum síðustu skólaár með tilkomu gæðaráðs í skólanum eins og öllum grunnskólum Akureyrar. Nokkurn tíma tók að móta umgjörð innra matsins og hvaða leiðir og þættir í mati ættu að ráða ríkjum.

Skýrsluna rituðu fyrir hönd gæðaráðs 15. júní 2026:

Anna Bergrós Arnarsdóttir, Fjóla Kristín Helgadóttir og Margrét Th. Aðalgeirsdóttir